

Alþingi
Erindi nr. P 143/1413
komudagur 4.4.2014

4.4.2014

Góðan dag

Hér að neðan eru viðbrögð við þremur umbeðnum umsögnum um þau þrjú mál er lúta að aðildarumsókn Íslands að ESB:

Ríkisstjórnin hefur þá afstöðu að ganga ekki í ESB. Því markmiði hefur hún nú þegar náð með því að setja umsóknina á ís. Því virðist óþarfi að draga umsóknina formlega til baka. Þar að auki getur svoleiðis ákvörðun gengið gegn hagsmunum Íslands í samstarfi okkar við Evrópusambandið og aðildarríki þess. Við blasir að verði umsóknin dregin til baka eykst við það þrýstingur á að svara því hvernig við hyggjumst uppfylla EES-samninginn, þann hluta er lýtur að frjálsum fjármagnsflutningum. Öll rök hníga því fremur að því að láta málið liggja en að slíta aðildarferlinu formlega, allavega áður en við getum uppfyllt skuldbindingar okkar með trúverðugum hætti.

Hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðildarviðræður þá virðist svoleiðis atkvæðagreiðsla nú verða marklaus þegar ríkisstjórnin hefur einarða stefnu um að halda ekki áfram. Auk þess getur það skaðað samningsstöðu Íslands í aðildarviðræðum ef þjóðin hefur þegar lýst yfir að hún vilji klára samninga áður en ljóst er hvernig endanlegur samningur getur litið út. Nær væri að freista þess að ná góðum samningi og takist það að mati samninganefndar fari hann í dóm þjóðarinnar þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir.

Að samanlögðu virðist hyggilegast að halda málinu á ís, slíta ekki viðræðum formlega en halda ekki heldur þjóðaratkvæðagreiðslu um málið að sinni.

Virðingarfyllt,

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst
